



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um aðgerðir gegn umbúðasóun í Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 15. nóvember 2016 var samþykkt að móta og hefja aðgerðir gegn umbúðasóun í borginni. Horft verði til þess hvernig auðvelda megi fyrirtækjum, borgarbúum og gestum borgarinnar að komast hjá óþarfa umbúðum.

Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að gera tillögu að aðgerðaáætlun gegn notkun óþarfa umbúða í borginni.

Helstu verkefni:

- Skapa vettvang til söfnunar á hugmyndum um leiðir til að draga úr notkun óþarfa umbúða.
- Rýna skal í stefnu borgarinnar sem kann að skipta máli fyrir verkefnið og hafa þær stefnur til hliðsjónar sem þegar hafa verið samþykktar í umhverfis-, auðlinda- og úrgangsmálum.
- Skilgreina leiðir sem Reykjavíkurborg hefur til að hafa áhrif á umbúðaaustur.
- Móti tímasetta aðgerðaáætlun í að draga úr umbúðasóun hjá:
 - a) stofnunum borgarinnar, hvort sem er með breyttu verklagi, opinberum innkaupum, samningagerð eða með öðrum leiðum,
 - b) rekstraraðilum í borginni, þ.e. verslunum, veitingastöðum o.fl. aðilum og
 - c) íbúum og gestum borgarinnar.
- Hópurinn skoði helstu leiðir plastumbúða og annars plasts út í umhverfið og móti tillögur í að draga úr helstu uppsprettum.
- Kostnaðarmat tillagna.

Starfshópurinn skipa:

Líf Magneudóttir (formaður), Áslaug Friðriksdóttir og Þórgnýr Thoroddsen.

Starfsmenn:

Eygerður Margrétardóttir, umhverfis- og skipulagssviði, og Hrólfur Sigurðsson, innkaupadeild.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Leita skal samstarfs við grasrótarsamtök, ríkið, nágrannasveitarfélög, samtök um verslun og þjónustu, starfsfólk borgarinnar og íbúa um aðgerðir gegn notkun óþarfa umbúða í borginni.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok nóvember 2017.

Reykjavík, 28. ágúst 2017

Dagur B. Eggertsson